

## Ósk um umsögn vegna deiliskipulags Hvammur í Lóni

5.4.2017

Vísað er til meðfylgjandi bréfs frá sveitarfélaginu Hornarfirði, dags. 14. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulag fyrir 9 gesthús auk þjónustuhúss í landi Hvamms í Lóni. Alls um 5 ha svæði. Beðist er velvirðingar á hve afgreiðsla málsins hefur dregist.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við deiliskipulagið. Stofnunin vill þó benda á að það er svolítið óljóst af gögnum málsins (ónákvæmni í kortum) hvort gesthúsin lenda ofan í grónu landi, hugsanlega votlendi, en svo virðist þó ekki vera skv. texta með skipulaginu.

Kveðja

Trausti Baldursson